



Mai 2024

# Hvatarblaðið

## Gleðilegt sumar



### Fyrsta skóflustunga að viðbyggingu við íþróttamiðstöðina á Borg

26. apríl var tekin fyrsta skóflustunga að viðbyggingu við íþróttamiðstöðina á Borg. Það er fyrirtækið Fossvélar ehf. sem er framkvæmdaaðili í jarðvinnuhluta framkvæmdarinnar. Opnuð voru tilboð í bygginguna sjálfa fyrir í þessari viku og bárust alls fimm tilboð í þá framkvæmd, reiknar sveitarfélagið með að ganga að einu þeirra á fyrsta fundi sveitarstjórnar í maímánuði.

Sveitarstjórn er mjög spennt fyrir þessu verkefni og mikil ánægja er með að framkvæmdin sé hafin en áætluð verklok við bygginguna eru í ágúst 2025.

Í byggingunni er gert ráð fyrir skrifstofuhúsnæði á efri hæð og góðri líkamræktarástöðu og aðstöðu fyrir sjúkraþjálfara á neðri hæð. Viðbyggingin tengist við austurgöng íþróttamiðstöðvarinnar og verður á tveimur hæðum með heildarflatarmál um 670m<sup>2</sup>.

Þetta er langþráð verkefni og bindur sveitarfélagið vonir við að þetta muni verða lyflistöng í þjónustu fyrir bæði íbúa og gesti sveitarfélagsins.



Ása Valdís oddviti og Iða Marsibil sveitarstjóri taka fyrstu skóflustungu að viðbyggingu við íþróttamiðstöðina á Borg.

Fundargerðir	
<u>Sveitarstjórn</u>	
<u>566. fundur</u>	
<u>Sveitarstjórn</u>	
<u>567. fundur</u>	



GRÍMSNES- OG  
GRAFNINGSHREPPUR

## Framlagning kjörskrár fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp vegna forsetakosninga þann 1. júní 2024

Kjörskrá vegna forsetakosninga þann 1. júní 2024 liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins í stjórnsluhúsinu á Borg frá og með 9. maí 2024 til kjördags. Skrifstofan er opin mánudaga til fimmtudaga frá kl 9:00-15:00. og föstudaga kl. 9:00 – 12:00

## Kjölfundur í Grímsnes- og Grafningshreppi

Kjölfundur vegna forsetakosninga fer fram laugardaginn 1. júní 2024.

Kosið verður í stjórnsluhúsinu á Borg í fundarsal sveitarstjórnar á 2. hæð.

Tímasetning auglýst þegar nær dregur á heimasíðunni gogg.is

Kjósendur eru minntir á að hafa meðferðis persónuskilríki með mynd og framvísa þeim ef óskað er.

Kjörstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps

---

## GLEDILEGT SUMAR KÆRU ELDRI BORGARAR!

Hér eru upplýsingar til okkar sem erum eldri borgarar hér í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Nú fara okkar mánaðarlegu gönguferðir að hefjast. Gaman væri að fá hugmyndir um skemmtilegar leiðir og staði til að fara um í hreppnum.

Leikfímistímunum, sem halda í okkur lífinu yfir veturinn, lýkur nú um miðjan maí. Íþróttasalurinn verður þó opinn fyrir okkur sem viljum hreyfa okkur og halda okkur liðugum, mánudaga og fimmtudaga frá kl. 10:00-12:00 fh.

Elin Lára og fleiri eru mjög duglegar að halda utan um að við æfum sjálf þær æfingar sem okkur hafa verið kenndar síðustu ár.

Verið er að athuga með námskeið fyrir okkur sem erum áhugasöm um að læra á alla þá tækni sem við erum með í höndunum alla daga í sínum og öðrum tækjum, t.d. um hvernig nota skal Island.is og Heilsuveru.

Sjáumst hress og kát í sumar.

Sigríður K Oddsdóttir.



---

Nemendur í Kerhólsskóla og Bláskógaskóla á Laugarvatni sendu sameiginlegt lið til keppni í Skólahreysti þetta árið. Þeirra riðill fór fram 17. apríl í Reykjavík og fylgdu nemendur á unglíngastigi liðinu sínu þangað og hvöttu áfram. Liðið stóð sig mjög vel og lenti í 3. sæti í sínum riðli. Vel gert!





## SKÁLHOLTSSTAÐUR - MENNING Á MIDVIKUDÖGUM Í MAÍ.

Alla miðvikudaga í maí verður boðið upp á menningar- og fræðslugöngur í Skálholti. Ókeypis er í allar göngurnar og þið eruð öll hjartanlega velkomin. Um er að ræða fræðsluerindi og göngur sem tengjast Skálholti á einhvern hátt. Göngurnar hefjast allar við Skálholtskirkju kl 18:00 á miðvikudögum í maí.

Göngurnar ættu að henta öllum, þær eru stuttar og á jafnsléttu að mestu. Gengið er um umhverfi kirkjunnar og taka göngurnar um 1 klst.

8. maí kl 18:00 Þorláksleið vígð

Kristján Björnsson vígslubiskup vígir Þorláksleið en nú er búið að varða leiðina með skiltum. Gangan hefst við kirkjuna og verður gengið að Stekkatúni og tilbaka, gangan tekur um 1,5 klst í heildina.

15. maí kl 18:00 Ragnheiðarganga með Friðrik Erlingssyni

Friðrik Erlingssyni þekkir sögu Ragnheiðar Brynjólfsdóttur einna best og mun leiða gönguna og segja söguna um ástir og órlög Ragnheiðar. Gangan hefst við kirkjuna og gengið er um nánasta umhverfi hennar.

22. maí kl 18:00 Söguganga með Bjarna Harðar

Bjarni Harðar gengur um Skálholtsstað og segir sögur eins og honum einum er lagið. Gengið er frá kirkjunni og um Skálholtsstað og farið yfir ýmsar sögur og sögupersónur úr Skálholti.

29. maí kl 18:00 „Að öllu tilliti merkisfrú“ – Valgerður Jónsdóttir biskupsfrú Halldóra Kristinsdóttir sérfræðingur hjá Landsbókasafni leiðir gesti í sannleikann um Valgerði Jónsdóttur biskupsfrú í Skálholti. Fræðsluerindið fer fram í kirkjunni og farið verður í stutta göngu á eftir á safnið og út á fornleifasvæðið.

Allar göngurnar eru ókeypis og þið eruð öll hjartanlega velkomin.

Veitingastaðurinn Hvönn er nú opin alla daga og öll kvöld og um að gera að kynna sér tilboð og fá sér veitingar í tengslum við göngurnar.

Nánari upplýsingar um viðburði í Skálholti á nýrri heimasíðu Skálholtsstaðar: skalholt.is

Skannið kóðann til að komast á heimasíðu Skálholts:



Kveðja,  
Herdis

<https://www.hjoladivinnuna.is>



**Samkoma 60+**

Opíð hús í frístundamiðstöð og á bókasafninu þriðjudaginn 28. maí kl. 20:00.

Auk þess að hittast verður boðið upp á fræðslu og aðstoð við að skrá sig inn á vefsíður og ná í smáforrit (öpp) fyrir þá sem vilja.


Eins og áður verður kaffi og te á boðstólnum en má gjarnan koma með eitthvað narsl.



GRÍMSNES- OG  
GRAFNINGSHREPPUR



HEILSUEFLANDI SÁMFELAG  
Grímsnes- og Grafningshreppur  
veiddan fyrir alla




**GÖNGUM SAMAN 60+**

**Gengið um Yndisskóginn á Borg  
Þriðjudaginn 21. maí**

Hittumst við Félagsheimilið Borg kl. 14:00.  
Kaffi og kleinur í félagsheimilinu að göngu lokinni.

Öll velkomin í léttu hreyfingu og góðan félagsskap.

Ekki er nauðsynlegt að skrá sig og gæti jafnvel verið gaman að skella sér í pottinn að göngu lokinni.



HEILSUEFLANDI SÁMFELAG  
Grímsnes- og Grafningshreppur  
veiddan fyrir alla

Hrafnkell Sigurðsson  
*Loftnet  
Aerials*

Sigga Björg & Mikael Lind  
*Hamflettur  
Skimming*

$\frac{1}{2}$   
 $\frac{3}{4}$

Kristinn Már Pálmason  
*Kaþarsis*

Erla S. Haraldsdóttir  
*Draumur móður minnar  
My Mother's Dream*



www.listasafnamesinga.is  
Austurmörk 21  
810 Hveragerði



Ókeypis  
aðgangur  
Free entry



## Hjartastuðtækjum fjölgað

Eftir ábendingu um að aðgengi að hjartastuðtækjum væri ábótavant í húsnæði sveitarfélagsins var ákveðið að bregðast hratt við og fjárfesta í tveimur tækjum til viðbótar auk skápa þannig að tækin væru sýnileg.

Auk þess að vera með tæki í sundlauginni eru nú einnig tæki í félagsheimilinu og við brúna á milli skólans og skrifstofu sveitarstjórnar. Þó að við vonum að við þurfum aldrei að nota þessi tæki er gott að vita af þeim og stefnt á að kenna öllum starfsmönnum sveitarfélagsins að nota tækin við fyrsta tækifæri.



**JP Verk**  
**Jarðvinnuverktaki**

[JPVERKEHF@GMAIL.COM](mailto:JPVERKEHF@GMAIL.COM)  
Jóhannes 848-1123 & Guðmundur 868-4115

**Tökum að okkur STÓR og smá verk:**

- jarðvinnu -
- tætingu -
- snjómokstur -
- bílaflutninga,
- jarðheflun
- fólksflutninga.

**JP Verk**





Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd og stýrihópur heilsueflandi samfélags óska eftir tilnefningum til hvatningarverðlauna vegna heilsueflandi verkefna og starfa.

Í leiðinni minnum við á að hægt er að sækja um styrki fyrir heilsueflandi verkefni en allar upplýsingar um styrkinn má finna á heimasíðu sveitarfélagsins.

Tilnefningar má send á heilsu- og tómstundafulltrúa á netfangið [gudrunasa@gogg.is](mailto:gudrunasa@gogg.is) eða í síma 4805515.

Einnig má senda á sama netfang spurningar og ábendingar varðandi heilsueflandi samfélag.



**SÓLHEIMAR**  
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

## GRÆNA KANNAN - KAFFIHÚS VERSLUNIN VALA

OPNUNARTÍMI GRÆNU  
KÖNNUNNAR OG VÖLU Í  
MAI 2024

VIRKIR DAGAR OPIÐ

10:00 TIL 16:00

LAUGARDAGAR 11:00 TIL 17:00

SUNNUDAGA 13:00 TIL 17:00

MÖTUNEYTI OPIÐ ALLA VIRKA  
DAGA FRÁ 11:30 TIL 13:00

**LOKAÐ Á UPPSTIGNINGARDAG  
OG ANNAN Í HVÍTASUNNU**

# Dagatal Kvenfélags Grímsneshrepps 2024

Maí	Vorfundur/Leikhúsförð
1. júní	Kosningakaffi
4. júní	Vorgleði í Mörkinni
17. júní	Fjallkonan
Júní	Undirbúningur fyrir Grímsævintýri
Agúst	Vinnudagar fyrir Grímsævintýri
Agúst	Grímsævintýri
5. septemb.	Hautfundur
Sept/okt.	Gleði með uppsveitafélögnum
11.-13. októb.	Landsþing KI á Ísafirði og í Hnífsdal
1. nóvemb.	Grímuball
Nóvember	Jólabingó
Nóv/Des	Jólafundur



*Kæru félagskonur, endilega takið dagana frá og merkið í dagatalið.*

## Bókasafn Grímsnes- og Grafningshrepps



Opnunartímar:

Mánudaga 12:30 til 13:30 og 15:00 til 16:30

Þriðjudaga 15:00 til 16:30

Fimmtudaga 12:30 til 13:30 og 15:00 til 16:30

**Kvöldopnun:**

Fimmtudaginn 2 maí kl. 19:30 – 21:30

Þriðjudaginn 14. maí kl. 19:30 – 21:30 **Handverkskvöld**

Fimmtudaginn 30. maí kl. 19:30 - 21:30



# ÍPRÓTTAMIDSTÖÐIN Borg



## Vetraropnun

Mánudaga - fimmtudaga kl. 14:00 - 21:30

Föstudaga **LOKAÐ**

Laugardaga – Sunnudaga kl. 10 -18

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun



Heimasíða: [www.gogg.is](http://www.gogg.is)  
Netfang: [sundlaug@gogg.is](mailto:sundlaug@gogg.is)  
Sími 480 - 5530



## VINNUSKÓLI 2024

Auglýst er eftir unglungum 13 – 16 ára (2011 - 2008)  
í vinnuskóla sveitarfélagsins  
frá 10. júní til og með 18. júlí 2024.

Hægt er að sækja um rafrænt á heimsíðu sveitarfélagsins [gogg.is](http://gogg.is),  
undir þjónusta – vinnuskóli.

Á sama stað má finna starfsreglur vinnuskólans.

Tekið verður á móti umsóknum til og með 15. maí 2024  
Nánari upplýsingar fást gegnum netfangið [gogg@gogg.is](mailto:gogg@gogg.is).



RITSTJÓRI HVATARBLAÐSINS LINDA SVERRISDÓTTIR	ÁBYRGÐARMAÐUR ÞORLEIF HOFFMANN GUNNARSDÓTTIR
Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á netföngin: <a href="mailto:linda@gogg.is">linda@gogg.is</a> eða <a href="mailto:gogg@gogg.is">gogg@gogg.is</a>	<a href="https://www.gogg.is/">https://www.gogg.is/</a>